

Fundur 18.1.2021 Carrie Fischer.

Komið þið sælir,

Já, velkomin.

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð. Og hefur margt á daga mína drifið síðan ég yfirgaf jörðina.

Já. Ég skal trúa því.

Þótti mér það leitt að yfirgefa jörðina og öll þau verkefni sem ég ætlaði að vinna meðal ykkar.

En eftir því sem ég hef verið lengur hérna, hefur það blasað við mér að ekki veitast síður tækifæri í nýjum líkama á nýrri jörð.

Og varð það mér mikið undrunarefni að framhald skyldi vera á lífinu, og að það skyldi vera efniskennt.

Segja má að ég hafi haft mikinn áhuga á því að tala aftur við gömlu jörðina, frá því ég yfirgaf hana.

Og hef ég hugsað til ykkar fundar lengi þar sem mér var tjáð að skilningurinn á framhaldslífinu, væri hvergi á jörðinni nægilegur, nema hjá ykkur.

Ja há.

Og að það yrði ekki skilið það sem við höfum fram að færa, nema á ykkar litla landi.

Hef ég að vísu talað í gegnum andamiðla áður. Og hefur það veitt mér huggun að koma orðum til eftirlifenda minna

En er það okkur mikil skapraun, að ekki skuli vera hægt að koma því í gegn, nema örfáum sinnum að við séum íbúar á framlífsjörð, en ekki andar svífandi í geimnum.

Já, já.

Hvar átt þú heima?

Ég er umvafinn ættingjum mínum, framliðnum, móðir mín hjá mér, og fleiri ættingjar.

Jörð mín er ekki svo ólík gömlu jörðinni, nema sólskinið er ögn rauðleitara og stjörnuhiminn er öðru vísi.

Dagarnir eru örlítið lengri og dýralífið sumuleiðis frábrugðið.

Andrúmsloftið með ágætum gott. Og líkamar okkar léttari á sér, eins undarlegt og það má nú vera.

Og sérstaklega þegar við förum til fundar við þessar skínandi verur í stjörnusambandsstöðvunum.

Ekki get ég greint frá því með fullri vissu hvar ég er stödd. En hitt veit ég að fjölmargir hnettir eins og þessi eru til sem taka á móti framlífsverum.

Og hef ég talað til íbúa þeirra á svona fundum áður. En ekki við gömlu jörðina mína.

Enda veitast ekki tækifæri til þess nema í gegnum andatrúar miðla og veit ég til þess að gamlir íbúar míns lands og minnar þjóðar eru dreifðir um himin geiminn.

Og búa á öðrum hnöttum og get ég ekki skilið hve langt er þar á milli.

Og vildi ég gjarnarn hafa þekkingu á því hvernig hægt er að ferðast þar á milli.

En er mér sagt að áður en slík ferðalög verði algeng, muni koma til annars konar ferðalög og flutningar hnattanna á milli.

Og sem kallaðir eru hamfaraflutningar. Og muni þá ættingjar okkar og aðrir framliðnir mynda varanlega líkama á sambandsfundum þessum.

En ekki aðeins tímabundna eins og nú tíðkast einstaka sinnum, þegar orkan í salnum er mikil.

Er mér bent á að ég verði að ljúka máli mínu bráðum svo fleiri komist að.

Reyni að segja nafn mitt, segja til mín.

Já, takk fyrir það.

Ég sakna svo mikið jarðarinnar. Og vildi halda starfi mínu áfram. Og vil ég segja það, að allir sem muna eftir mér ættu að opna sig fyrir þeim boðskap sem starf mitt óafvitandi auglýsti fyrir heimsbyggðinni.

Þannig að það getur hjálpað til við ykkar boðskap og þennan mikla sannleika.

Er ég stolt af frænda, fjarskyldum ættingja mínum, sem tók á sig mikla erfiðisvinnu sem enn þá hefur ekki borið nægan ávöxt, en það kann að koma síðar.

Getur þú nefnt þann frænda?

Já hann hefur komið, hann er ekki náskyldur mér en ber sama ættarnafn og fjarlæg tengsl.

Hann er umdeildur, en hefur,

Reyni að nefna nafn mitt, ég, það er erfitt að tjá þetta allt áður en ég hef sagt til mín.

En ég vil segja það, að ég er orðin sérstök áhuga manneskja ykkar kenninga, og stjörnulíffræði eftir að hafa orðið fræg fyrir þess konar boðskap.

Ég

Þú ert ekki íslensk er það?

Nei, ekki íslensk.

Við móðir mín erum orðnar jafn ungar og höfum aftur byrjað kvikmyndaferilinn, Carrie Fischer.

Já, sæl og blessuð.

Já komið þið sælir.

Stjörnustríðsstúlka?

Já, já,

Velkomin.

Takk fyrir.

Það var skemmtilegt að heyra í þér.

Já stórkostleg lífsreynsla að upplifa það sem vinur minn og handritshöfundur fékk innblástur að, fyrir heiminn til að upplifa nýja hluti og fróðleik.

Já, Georg Lukas?

Já.

Ótrúlegt innsæi.

Já, og ég hef, það hefur verið mjög spennandi að fylgjast með, að fræða sig um þessi efni hér í framlífi.

Og það var mér gríðarleg ánægja og undrun að það skyldu vera tengsl á milli starfs míns og framlífsins. Þar sem ég var efa manneskja.

En allt er hér undarlegra og stórkostlegra en maður hefði getað gert sér í hugarlund.

Og tel ég að Íslendingar mættu njóta meiri hylli fyrir að hafa uppgötvað þessi miklu fræði.

Og vonandi verður það síðar.

Það er merkilegt hvernig sumir þessir kvikmyndaleikstjórar og auðvitað líka bókahöfundar hafa eins og nálgast þennan mikla sannleika í sínum verkum eins og sá sem gerði stjórnuþrífis-myndirnar og líka Steven Spielberg og James Cameron fara svolítið nærri um þetta.

Já það er einhver innblástur, en aldrei nákvæmlega samt hitta á hvernig þetta er.

Já, einmitt.

Það er, já ég er, það væri of langt að fara út í fjölskyldumálin hér.

Eða ég hef þurft að takast á við ákveðin fíknivandamál hér. En er nú loksins laus við það að fullu.

Og taldi ég mig þá færa til að komast í sambandið fyrir nokkru síðan. Þegar ég taldi mig mjög öflug.

En var mér snemma bent á. Að spár væru til um að Íslendingar myndu ná forystu í þessum málum.

Og að ég gæti talað við ykkur.

Ég vil gjarnan segja frá fjölskyldu minni og fyrstu reynslu hér í framlífi. En ef mér tekst að komast aftur í sambandið skal ég reyna það.

Já, endilega.

Ætla ég að kveðja ykkur að sinni en vil ég senda ykkur,

Má ég spyrja þig einnar spurningar?

Bænir frá mínum hnetti, þess efnis að þið komist sem best í gegnum þessa heims farsótt.

Hvað segir þú?

Mig langaði að spyrja þig hvort þú værir eitthvað skyld eða tengd Bobby Fisher?

Ekki náð, en mér skilst að það sé já, eitthvað lengra aftur í ættum.

Ég hef verið að velta fyrir mér sko, hvernig hann gat farið í sinn árásar leiðangur á sínum tíma, þú hefur kannski ekkert frétt af því?

Jú, ég,

Maður sér það fyrir sér eins og í stjörnustríðsmyndunum, hafa gert innrás þarna inn á Síons hnött og valdið miklum usla.

Já, og það er mjög ótrúlegt,

Já.

En þess vegna mun það vera eitthvað tengt, þessi vandamál jarðarinnar, farsótt og einhverjar áætlanir.

Það er akkúrat.

En, við reynum að biðja fyrir honum hér líka. Að hann megi komast úr sínum erfiðleikum og náí að blómstra að nýju, að fullu.

Já, við tökum undir það.

Og, já, þetta er merkilegt. En Jahve mun óttast uppreisnir á sínum hnöttum. Þar sem ástandið er ótryggt.

Og við fylgjumst með því eins og öðru.

Já.

Og vitum ekki mikið meir um það.

En já, það eru líka ekki allir sammála í stuðningi sínum við hann eða ekki, eins og gengur og gerist.

En ég ætla að reyna að koma síðar, og þakka ykkur fyrir og,

Má ég spurja um eitt stutt?

Já, ég reyni að svara því.

Hefur þú nokkuð hitt Steven Hawkins?

Ekki hitt hann nei. En,

Hefur þú frétt af honum?

Já, hann hefur talað hér á fundum.

Stórkostlegt að sjá hann, hvað hann er ólíkur sjálfum sér, brosmildur og hress.

Hann hreyfir handleggina eins og til að staðfesta það, að lífið eigi sér engin takmörk.

Já, Já, við bíðum eftir að hann komi og fræði okkur um svartholin.

Já, hef verið stödd í salnum á meðan hann hefur talað til fleiri mannkynja.

Og hann gefur það til kynna að hann hafi fullan mátt núna, með framkomu sinni.

Já hann heldur áfram að kynna sér þessi mál, og fjalla um þau.

Þegar hann lætur til sín heyra, vonum að það verði sem fyrst.

Ég hef ótalmargt að segja. En ætlaði aðeins að lýsa ánægju minni yfir þessu öllu.

Og opna fyrir möguleikann að koma síðar og geta sagt frá einstökum atriðum.

Já, endilega.

Þakka ég kærlega fyrir og verið þið sælir.

Þakka þér kærlega fyrir, vertu blessuð.